

Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs suðursvæði 29

29. fundur

Fundur haldinn fimmtudaginn 8. desember 2011 kl. 16.00 í ráðhúsinu á Höfn.

Mætt voru: Hjalti Þór Vignisson, Guðrún Ingimundardóttir, Sigurlaug Gissurardóttir, Hildur Þórsdóttir, Björn Ingi Jónsson og Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Dagskrá.

1. Gestastofumál á Höfn

Upplýst að fjárlaganefnd hafi aukið við fjárveitingar til Vatnajökulsþjóðgarðs við aðra umræðu fjárlaga. Þeir fjármunir eru eyrnamerkir annars vegar til landvörslu, stígagerðar og nauðsynlegra úrbóta á svæðum sem eru nýkominn eða koma hugsanlega inn í þjóðgarðinn á næsta ári og hins vegar til rekstur gestastofu á Höfn. Jafnframt upplýst að ákvörðun liggi fyrir hjá Sveitarfélaginu Hornafirði að Gamlabúð verði flutt á sinn upprunalega stað árið 2012. Hugmyndin er að þar verði gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Höfn fyrst um sinn með nýrri sýningu og upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn.

Hjalti gerði grein fyrir samtali sínu við framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs sem hyggst koma á fund í janúar til að fara yfir fjárhagsáætlun ársins 2012.

Guðrún lagði áherslu á mikilvægi þess að fræðilegt efni um jökla þyrfti að vera aðgengilegt á nýrri sýningu.

Hildur sagði það sína skoðun að upplifun væri mikilvægur hluti af sýningum. Lagði jafnframt áherslu á að svæðisráð fengi að koma að áframhaldandi undirbúningi málsins.

Sigurlaug spurði um afdrif upplýsingamiðstöðvar ef Jöklasýning lokar. Hjalti upplýsti að gert er ráð fyrir að upplýsingamiðstöð verði þá rekin í Gömlubúð, af Vatnajökulsþjóðgarði.

Guðrún ræddi um aðgengismál. Hjalti sagði að búið væri að skoða hvernig tryggja megi aðgengi.

Hildur spurði um starfsmannamál og hugsanlega ráðningu þjóðgarðsvarðar á þetta svæði. Regína upplýsti að það hafi ekki komið inn í umræðuna á þessu stigi. Sigurlaug sagði það sína skoðun að ekki væri rétt að hafa tvo þjóðgarðsverði á svæðinu en styður að starfsmönnum á svæðinu fjölgi, bæði á Höfn og í Skaftafelli.

Svæðiráð stefnir að heimsókn í Gömlubúíð við tækfæri.

2. Hvítbók um náttúruvernd

Hjalti opnaði á umræðuna og sagði að í hvítbókinni komi fram hugmyndir um talsverðar breytingar á stjórnun náttúruverndarsvæða.

Regína lagði áherslu á að ef af sameiningu yrði væri mikilvægt að hagræði yrði af þeirri breytingu, bæði er varðar betri stjórn á friðlýstum svæðum öðrum en þjóðgördum og þjóðlendum og einnig það sem snýr að daglegu starfi í þjóðgördum.

Guðrún talaði um að margt í hvítbókinni væri til bóta. Nefndi hún til dæmis um umferðarmál á friðlýstum svæðum. Fagnaði hún því að í hvítbókinni ætti að taka á þessum málum.

Sigurlaug lagði áherslu á að stjórnfyrirkomulag garðsins, bæði í gegnum aðalstjórn, svæðisráð og sú áhersla á að eiga samvinnu við heimamenn verði leiðarljós ef setja á fót eina þjóðgarðastofnun. Þá minnti hún á loforð sem gefið var að slík stofnun væri staðsett á Hornafirði.

Björn Ingi sagði að ef af þessari hugmynd um þjóðgarðastofnun yrði væri kominn ný Umhverfisstofnun með öðru nafni, staðsett í Reykjavík.

Regína benti á mikilvægi þess að í því ferli sem hafið væri um breytingar á stjórnun náttúruverndarsvæða verði lögð áhersla á gott samráð milli allra hagsmunaaðila, frá fyrstu stigum málsins.

Svæðisráð var sammála um eftirfarandi bókun:

Svæðiráð leggur áherslu á að nú þegar mótuð hefur verið traust umgjörð utan um garðinn með stjórnunar- og verndaráætlun að áfram verði haldið að byggja garðinn upp á markvissan hátt.

Umfang í rekstri hefur aukist en stjórnsýsla garðsins ekki þróast í takt við það. Skaftafell er opið allt árið, umsvifin þar yfir sumartímamann eru afar mikil og vaxandi yfir vetrarmánuðina. Af því leiðir að á svæðinu verður til stór hluti af sértekjum Vatnajökulspjóðgarðs. Þjóðgarðsvörður í Skaftafelli þarf á meiri stuðningi að halda og meira starfsfólki í verkefni sem tengjast daglegum rekstri í gestastofunni, s.s. verslun og starfsmannahaldi. Stjórnsýsla garðsins verður því að eflast. Því þarf að auka fjárveitingar til reksturs stjórnsýslu garðsins eða sameina hann öðrum stofnunum sem starfa á sama sviði.

Afar mikilvægt er að við hugsanlegar breytingar að taka það sem gott er úr Vatnajökulspjóðgarði inn í hina nýju stofnun. Það er ekki síst valddrefing og gott samráð við svæðin sjálf, sveitarfélagið og íbúa þess, og sú hugmyndafræði að byggja upp garð með náttúruvernd, útivist og byggðapróun að leiðarljósi.

Það er jafnframt mikilvægt að við uppbyggingu á starfinu, bæði stjórnsýslu hans og starfsemi á svæðunum, að fjölga beinum störfum á nærsvæði þjóðgarðsins.

3. Ráðstefna um Jökulsárlón, friðlýsingu og deiliskipulag

Lögð fram fundargerð frá ráðstefnu um Jökulsárlón, friðlýsingu og deiliskipulag. Upplýst um vinnu að deiliskipulagi frá því að ráðstefnan var haldin og um næstu skref í vinnu að friðlýsingu svæðisins. Kom fram að ef viðkomandi svæði verði hluti af Vatnajökulspjóðgarði þarf að breyta reglugerð um garðinn, samþykki sveitarfélags þarf að liggja fyrir sem og hagsmunaaðila sem eiga afrétt á svæðinu. Kom fram að beitarréttur mun haldast óbreyttur á svæðinu ef til kemur.

4. Deiliskipulag í Skaftafelli

Regína kynnti drög að nýju deiliskipulagi og greindi frá vinnu síðustu vikna.

5. Starfsmannamál

Björn Ingi fór yfir umræður á síðasta fundi undir liðnum öðrum málum. Svæðisráð ítrekar bókun sína frá því á síðasta fundi þess efnis að stjórn þjóðgarðsins þurfi að gæta vel að starfsmannamálum í Skaftafelli fyrir næsta sumar, meðal annars til að áfram verði hægt að halda vel utan um innkaup og verslun á staðnum.

6. Samstarf við landeigendur

Samkvæmt lögum um Vatnajökulsþjóðgarð segir að svæðisráð skulu a.m.k. halda einn fund á ári með eigendum lands á viðkomandi rekstrarsvæði. Undir þessum lið komu eftirfarandi landeigendur á fundinn: Þorsteinn Sigfússon á Skálafelli og Þrúðmar Þrúðmarsson í Hoffelli.

Regína greindi frá samskiptum við landeigendur og samningum við þá um upplýsingagjöf og landvörslu. Sagði að samstarfið hafi gengið vel. Það sé mikilvægt að hafa þessar jarðir inn í garðinum því það dreifir ferðamönnum um svæðið og eykur fjölbreytni.

Þorsteinn sagðist vera ánægður með samstarfið. Taldi mikilvægt að klára skiltamálin.

Þrúðmar tók undir orð Regínu og Þorsteins. Sagði samstarfið gæti ekki verið betra. Verið væri að ganga frá skiltum við Hoffellsjökul. Upplýsti að svæðið væri farið að stimpla sig inn hjá ferðamönnum. Tók undir orð Regínu um mikilvægi þess að setja ramma um verkefni, hvað er ætlast til af landeigendum og hvað landeigendur geti vænst af þjóðgarðinum.

Kom fram að ekki hafi enn verið gengið frá samningi við landeigendur í Hólmi.

Svæðisráð telur Jökulfell afar mikilvægt í þeirri heild sem Heinabergssvæðið er og því þýðingarmikið að ljúka við samninga og byggja upp góð samskipti við landeigendur til framtíðar.

Svæðisráð telur mikilvægt að þjóðgarðurinn móti sér verklagsreglur vegna samninga við landeigendur, bæði þjóðgarðsins vegna og landeigenda. Óskað er eftir því að stjórn taki málið til umfjöllunar og komi því í réttan farveg í framhaldinu.

Hildur taldi eðlilegt að þjóðgarðsvörður færi fyrir viðræðum við landeigendur á viðkomandi svæði með stuðningi yfirstjórnar þjóðgarðs og umhverfisráðuneyti.

Svæðisráð minnir stjórn á að samkvæmt lögum um þjóðgarðinn skal árlega halda sameiginlegan fund landeigenda, svæðisráða og stjórnar um málefni þjóðgarðsins.

7. Önnur mál

Björn Ingi lagði fram bréf frá Guðmundi Frey Jónssyni fyrir hönd Alpaklúbbsins um áhuga á að byggja fjallaskýli á Svínafellsjökli. Þau eru til þess fallinn að auðvelda mönnum ferðalög um erfitt landssvæði. Svæðisráð óskar eftir að formaður og þjóðgarðsvörður fari yfir málið og undirbúi fyrir formlega umfjöllun fyrir næsta fund svæðisráðs.

Fundi slitið kl. 18.30